



Morgunblaðið, 20.04.2021, síðu 32  
grein stærð: 67.29 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 8.76 sm

## Verk nemenda 15 leik- og grunn-skóla sýnd í Listasafni Reykjavíkur

Samsýning á verkum nemenda 15 leik- og grunnskóla í Reykjavík verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur í dag. Yfirskrift sýningarinnar er „LÁN – Listrænt ákall til náttúrunnar“.

Verkin eru sýnd í porti og fjölnota sal Hafnarhússins og í fundarherbergi Kjarvalsstaða. Sýningin er afrakstur samstarfs um 800 barna við fjölmarga listamenn,

vísindafólk og kennara í leikskólum og grunnskólum í borginni. Meðal markmiða verkefnisins var að styrkja sjálfsmýnd nemenda, gagnrýna hugsun og trú þeirra á eigin getu, ýta undir nýsköpun og stuðla að skapandi kennsluháttum. Sýningin stendur yfir næstu fimm daga og er aðgangur að henni ókeypis fyrir fullorðna í fylgd með börnum.

